



Viðbragðsáætlun vegna alvarlegra dýrasjúkdóma

Útg. júní 2024



Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Orðaskýringar	2
3. Gildissvið og viðbragðsaðilar	2
4. Viðbragðsteymi MAST	3
5. Boðun og virkjun	3
6. Viðbrögð - almennt verklag.....	3
6.1. Tilkynningar og fyrstu viðbrögð	3
6.2. Sóttvarnaaðgerðir	4
6.3. Mannskapur og búnaður	5
6.4. Rannsóknir	6
6.5. Aðbúnaður fólks.....	6
6.6. Aflifun	6
6.7. Þrif og sóttthreinsun.....	7
6.8. Förgun aukaafurða dýra og úrgangs	7
6.9. Upplýsingamiðlun og skjalavistun	7
6.10. Endurskoðun atburða og skýrsluskrif	8
7. Útgáfa og uppfærslur	8
Viðauki 1. Löggjöf	9
a. Almenn	9
b. Tilkynning um grun um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm	9
c. Fyrirskipun ráðstafana til að útrýma eða hindra útbreiðslu sjúkdóms	9
d. Bann við flutningi dýra og aðrar takmarkanir.....	10
e. Aðgangur að stöðum þar sem dýr eru haldin	10
f. Förgun á sóttmenguðum úrgangi	10
g. Kostnaður vegna starfsfólks umfram venjulegan rekstur	10
h. Kostnaður vegna aðgerða	11
i. Bætur til dýraeigenda.....	11
Viðauki 2. Yfirlit yfir verkþætti	12
Tilkynning og fyrstu viðbrögð.....	12
Sóttvarnaaðgerðir	13
Mannskapur og búnaður.....	14
Rannsóknir	15
Faraldsfræði	16
Aðbúnaður fólks.....	16
Aflifun.....	17
Þrif og sóttthreinsun.....	17
Förgun aukaafurða og úrgangs	17
Upplýsingamiðlun og skjalavistun	18
Endurskoðun atburða og skýrsluskrif	18
Viðauki 3. Yfirlit yfir verkþætti hvers viðbragðsaðila	19
Dýraeigandi	19
Sjálfstætt starfandi dýralæknir	20
VIÐ-teymi	22
Eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn	24
Starfsfólk á sviði upplýsingatækni og reksturs	27
Héraðsdýralæknir	28
Mannauðsstjóri	29

1. Inngangur

Þessi viðbragðsáætlun er skrifuð af VÁ-teymi MAST. Hlutverk VÁ-teymisins er m.a. að skrifa og viðhalda áætlunum um viðbrögð við alvarlegum smitsjúkdómum í dýrum, og halda viðbragðsæfingar. Við gerð áætlunarinnar hafði teymið samráð við sérgreinadýralækna, héraðsdýralækna og yfirdýralækni. Jafnframt var höfð til hliðsjónar sú reynsla sem hlotist hefur og ábendingar sem komið hafa fram á þeim æfingum í viðbrögðum við dýrasjúkdómum sem haldnar hafa verið.

Í fyrstu köflum þessa skjals er fjallað um gildissvið áætlunarinnar, viðbragðsaðila, helstu ákvæði laga og reglugerða sem tengjast viðbrögðum við alvarlegum smitsjúkdómum í dýrum, viðbragðsteymi MAST og virkjun áætlunarinnar. Því næst er fjallað um alla liði í viðbrögðunum; verklagi lýst og tilgreint hverjir koma að málum.

Áætlunin dregur upp það ferli sem unnið er eftir við uppkomu þeirra sjúkdóma sem áætlunin tekur til en ekki er tilgreint sérstaklega hvernig brugðist skuli við einstökum sjúkdómum. Ákvarðanir um aðgerðir byggjast á fjölmörgum þáttum sem geta verið ólíkir í hverju tilfalli fyrir sig.

Á vefsíðu MAST (www.mast.is) er að finna ýmis stuðningsskjöl sem nýtast í tengslum við viðbrögð við dýrasjúkdómum. Þar er um að ræða leiðbeiningar, eyðublöð, grunnupplýsingar um ýmsa sjúkdóma og annað sem nýtist við mat, ákvarðanatöku og framkvæmd aðgerða. Sérgreinadýralæknar og VÁ-teymið eru ábyrg fyrir gerð stuðningsskjalanna en geta fengið til liðs við sig annað starfsfólk MAST eftir þörfum.

Viðbragðsáætlunin í heild sinni er í stöðugri endurskoðun. VÁ-teymið tekur við ábendingum og athugasemdum, metur þær og uppfærir áætlunina eftir þörfum á grundvelli þeirra, sem og reynslu sem hlýst af æfingum og raunverulegum atburðum.

2. Orðaskýringar

Umráðamaður: Aðili, annar en dýraeigandi, sem er ábyrgur fyrir dýri við tiltekna aðstæður, t.d. réttarstjóri, sláturhússtjóri, mótsstjóri, sýningarstjóri, dýrahótelstjóri o.s.frv.

VIÐ-teymi: Viðbragðsteymi MAST - hefur umsjón með viðbrögðum við alvarlegum smitandi dýrasjúkdómum.

VÁ-teymi: Viðbragðsáætlunarteymi MAST – hefur umsjón með gerð og viðhaldi viðbragðsáætlana vegna alvarlegra smitandi dýrasjúkdóma og æfingum í viðbrögðum.

3. Gildissvið og viðbragðsaðilar

Áætlun þessi fjallar um viðbrögð ef upp kemur grunur um eða staðfesting á tilkynningarskyldum sjúkdómum sem tilgreindir eru í 2. og 3. grein reglugerðar nr. 52/2014, áður óþekktum smitsjúkdómum í dýrum hér á landi og öðrum alvarlegum sjúkdómum, svo sem eitrunum.

Aðilar að viðbrögðum við alvarlegum dýrasjúkdómum eru margir en fjöldinn fer eftir umfangi málsins. Jafnframt er misjafnt hvaða viðbragðsaðilar koma að málum, það fer m.a. eftir eðli sjúkdómsins og hvar hann kemur upp.

Í áætluninni er aðallega fjallað um hlutverk starfsfólks MAST en einnig er komið inn á hlutverk dýraeigenda eða umráðamanna þeirra og sjálfstætt starfandi dýralækna. Í áætluninni eru starfsheiti starfsfólks MAST tiltekin en í stuðningsskjali í viðauka er tilgreint hvaða starfsmaður sinnir hverri stöðu og jafnframt hvaða starfsfólk hleypur í skarð viðkomandi sé hann fjarverandi.

4. Viðbragðsteymi MAST

Í áætluninni er viðbragðsteymi vegna dýrasjúkdóma tilgreint og kallað VIÐ-teymið. Í því sitja sérgreinadýralæknir viðkomandi dýrategundar, yfirdýralæknir, sérgreinadýralæknir faraldsfræði og héraðsdýralæknar í þeim umdæmum sem sjúkdómurinn er í. Fyrirliði VIÐ-teymisins er viðkomandi sérgreinadýralæknir. Fyrirliðinn kallar teymið saman en teymið ákveður hverju sinni hver stýrir fundi og ritar fundargerð. Hlutverk VIÐ-teymisins er að taka við tilkynningum um sjúkdóma sem áætlun þessi tekur til, meta stöðu, taka ákvarðanir og sjá til þess að þær aðgerðir sem ráðast þarf í til að hindra útbreiðslu sjúkdómsins og eftir atvikum útrýma honum eða halda í skefjum, séu framkvæmdar. Allir teymismeðlimir eru samábyrgir fyrir þeim ákvörðunum sem teymið tekur. Sé ekki einhugur innan teymisins um ákvarðanir í málum hefur yfirdýralæknir endanlegt ákvörðunarvald.

5. Boðun og virkjun

Þegar tilkynning berst til MAST um alvarlegan dýrasjúkdóm, boðar fyrirliði VIÐ-teymisins meðlimi teymisins til fundar. Teymið ákveður hvort viðbragðsáætlunin skuli virkjuð. Ef ákvörðun er tekin um að virkja áætlunina vinnur teymið samkvæmt viðbragðsáætluninni eftir því sem við á, þ.e.a.s. það metur og tekur ákvarðanir um aðgerðir eftir eðli smitefnisins, umfangi tilfellis og hvort um sé að ræða grun eða staðfestingu á sýkingu.

6. Viðbrögð - almennt verklag

6.1. Tilkynningar og fyrstu viðbrögð

6.1.1. Dýraeigandi/umráðamaður

Dýraeigandi/umráðamaður (réttarstjóri ef um er að ræða réttir, sláturhússtjóri ef um er að ræða sláturhús o.s.frv.) tilkynnir grun um alvarlegan dýrasjúkdóm til sjálfstætt starfandi dýralækna eða MAST. Hann tekur við og fylgir fyrirmælum sjálfstætt starfandi dýralækna og MAST um sóttvarnir eða aðrar ráðstafanir til að hindra að fleiri dýr veikist. Upplýsingar um dýralækna á vakt utan dagvinnutíma má finna á vefsíðu MAST (www.mast.is). Símanúmer MAST er 530-4800.

6.1.2. Sjálfstætt starfandi dýralæknir

Sjálfstætt starfandi dýralæknir upplýsir dýraeiganda/umráðamann um gruninn og gefur honum fyrstu fyrirmæli um sóttvarnir eða aðrar ráðstafanir til að hindra að fleiri dýr veikist. Síðan tilkynnir hann um gruninn til MAST. Hann tekur við og fylgir fyrirmælum MAST um frekari sóttvarnir, sýnatökur o.fl. Ef um mjög smitandi sjúkdóm er að ræða fer hann ekki af staðnum nema að fengnu leyfi MAST.

6.1.3. VIÐ-teymi MAST

Þegar tilkynning berst til MAST er henni komið til fyrirliða VIÐ-teymisins án tafar. Tilkynning getur mögulega borist til hvaða starfsmanns MAST sem er og því þurfa allir starfsmenn MAST óháð starfssviði að sjá til þess að tilkynningin berist til fyrirliða VIÐ-teymisins (sem er sérgreinadýralæknir viðkomandi dýrategundar). Komi upp vafi um hver fyrirliði teymisins er, kemur starfsmaður MAST tilkynningunni til sérgreinadýralæknis smitsjúkdóma og faraldsfræði eða yfirdýralæknis.

Fyrirliði VIÐ-teymisins byrjar á að ganga úr skugga um að viðeigandi fyrirmæli hafi verið gefin um fyrstu ráðstafanir til að hindra dreifingu smitsins eða koma í veg fyrir að fleiri dýr veikist. Hann kallar því næst teymið til fundar, ásamt viðbragðsdýralækni Keldna og dýralækni búsinns/dýrsins. Teymið byrjar á því að ákveða hverja fleiri eigi að kalla til fundarins, það geta t.d. verið aðrir sérgreinadýralæknar, héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar, dýraeftirlitsmenn, fagsviðsstjórar, sjálfstætt starfandi dýralæknar, dýralæknar á Keldum eða aðrir, allt eftir eðli tilfellisins.

Teymið metur hversu skjót viðbrögðin þurfi að vera, m.a. á grundvelli smithæfni smitefnisins, meðgöngutíma sjúkdómsins og afleiðingum sem hann getur haft bæði fyrir dýr og fólk.

Teymið skiptir með sér verkum varðandi tilkynningar um málið og miðlun upplýsinga um fyrstu ráðstafanir, til eftirfarandi aðila eftir því sem við á:

- Eiganda/umráðamanns
- Allra dýralækna
- Aðila í nærsamfélaginu
- Aðila innan MAST, svo sem forstjóra, fræðslufulltrúa og annarra starfsmanna
- Aðila í stjórnýslunni, svo sem MAR, sóttvarnalæknis, heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, almannavarna og RLS
- Aðila í landinu, svo sem ýmissa landssamtaka
- Erlendra aðila, svo sem yfirdýralækna, WOAHA og ESB

6.2. Sóttvarnaaðgerðir

Fulltrúi VIÐ-teymisins gefur nánari fyrirmæli um sóttvarnir til viðkomandi aðila, sem eru eftir atvikum:

- Dýraeigandi/umráðamaður
- Sjálfstætt starfandi dýralæknir
- Sláturleyfishafi (ef um er að ræða dýr í sláturhúsi)
- Réttarstjóri (ef um er að ræða smölun eða réttir)
- Sveitarfélag (ef um er að ræða hálfvillt dýr)

VIÐ-teymið tekur ákvörðun um tillögur að nauðsynlegum varúðarráðstöfunum. Við ákvörðunartöku er miðað við aðstæður og um hvaða sjúkdóm er að ræða. Þetta getur m.a. falið í sér eftirfarandi:

- Allsherjar flutningsbann
- Flutningsbann á tilteknu svæði
- Skilgreining á takmörkunarsvæðum, stærð þeirra og legu
- Takmarkanir sem skulu gilda á svæðunum, þ.m.t. lokanir og sóttvarnir
- Smölun afrétta

Teymið sendir tillögu um aðgerðir til ráðherra, sem tekur ákvörðun og gefur út fyrirskipun um aðgerðir, sbr. 8. grein laga nr. 25/1993.

Ef ákvörðun um varúðarráðstafanir felur í sér lokanir, fer starfsmaður MAST á staðinn til að setja upp borða og skilti og annað sem þarf til að koma í veg fyrir umferð án leyfis. Hann tekur einnig með sér þann sóttvarnabúnað sem til þarf, svo sem búnað til sóttthreinsunar á farartækjum. Ef VIÐ-teymið telur að þörf sé á aðstoð varðandi lokanir hefur það samband við lögreglu, tilkynnir henni um stöðu mála og biður um aðstoð við lokanir. Lögregla hefur samband við björgunarsveitir ef á þarf að halda.

Ef sjálfstætt starfandi dýralæknir er á staðnum og getur sinnt því sem þarf að gera þar, fer starfsmaður MAST ekki inn fyrir skilgreind svæðismörk, en hefur umsjón og eftirlit með sóttvörnum utan þeirra. Að öðrum kosti fara starfsmenn MAST sjálfir inn á búið og sinna því sem þarf, svo sem fyrirmælum og eftirliti með sóttvörnum, skoðun á dýrum, sýnatökum o.s.frv.

Ef ákvörðun um varúðarráðstafanir felur í sér smölun afrétta hefur VIÐ-teymið samband við viðkomandi sveitarstjórnir og óskar eftir að þær hafi umsjón með smöluninni.

VIÐ-teymið metur hvort nota eigi bólusetningu til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins. Ef ákveðið er að bólusetja skipuleggur teymið bólusetninguna og óskar eftir aðstoð fagsviðsstjóra lyfjamála við útvegum bóluefnis ef þarf. Ef þörf er fyrir aðstoð sjálfstætt starfandi dýralækna við bólusetninguna kallar yfirdýralæknir þá til starfa. VIÐ-teymið óskar eftir að dýraeigandi/umráðamaður aðstoði við bólusetninguna eða útvegi starfsfólk til þess ef þarf. Starfsmaður MAST hefur eftirlit með bólusetningu ef þörf er á.

6.3. Mannskapur og búnaður

VIÐ-teymið metur þörf fyrir mannskap og búnað, og kannar hvað er til og hvað ekki.

Héraðsdýralæknar bera ábyrgð á að allur nauðsynlegur búnaður til fyrstu viðbragða sé til í umdæminu og aðgengilegur, bæði fyrir sóttvarnir og aflifun dýra.

Ef þörf er á viðbótarbúnaði sendir teymið beiðni til rekstrarsviðs um að útvega það sem vantar.

Ef þörf er á aðstoð sjálfstætt starfandi dýralækna kallar yfirdýralæknir þá til starfa.

Ef þörf er á aðstoð annarra starfsmanna MAST en þeirra sem tilgreindir eru sérstaklega í þessari viðbragðsáætlun, hefur VIÐ-teymið samband við yfirmenn viðkomandi starfsmanna og óskar eftir að nýta starfskrafta þeirra.

VIÐ-teymið óskar eftir að dýraeigandi/umráðamaður leggi til þann mannskap og búnað sem hann hefur tiltækan ef þarf.

Ef þörf er á annars konar aðstoð sér VIÐ-teymið um að útvega hana.

VIÐ-teymið samþykkir reikninga frá dýralæknum sem yfirdýralæknir hefur kallað til starfa og öðru aðstoðarfólki. Ef reikningar eru óeðlilegir eða ósanngjarnir miðað við vinnuframlag eða málsatvik skulu þeir sendir til samþykktar hjá sviðsstjóra rekstrarsviðs.

6.4. Rannsóknir

6.4.1. Sýnatökur

VIÐ-teymið ákveður hvernig sýni skuli taka, í samráði við sérfræðinga á Keldum.

Ef dýralæknir er á búinu/staðnum gefur VIÐ-teymið honum fyrirmæli um sýnatökur. Ef dýralæknirinn er ekki með þann sýnatökubúnað sem á þarf að halda útvegar VIÐ-teymið hann og sendir á staðinn. Ef um bráðsmitandi sjúkdóm er að ræða er sýnatökubúnaðurinn afhentur án þess að farið sé inn fyrir skilgreind svæðismörk. Sýnunum er síðan komið til Keldna eins fljótt og kostur er.

Ef sjálfstætt starfandi dýralæknir er ekki á búinu/staðnum fer eftirlitsdýralæknir og tekur sýnin. Ef um bráðsmitandi sjúkdóm er að ræða sækir annar starfsmaður umdæmisstofunnar sýnin og kemur þeim til Keldna.

Dýraeigandi/umráðamaður aðstoðar við sýnatökur ef MAST óskar eftir því.

Sjálfstætt starfandi dýralæknir leggur fram sjúkrasögu, niðurstöðu klínískrar skoðunar, rannsóknarniðurstöður og annað sem að gagni getur komið við greiningu og upprætingu sjúkdómsins.

VIÐ-teymið tekur við niðurstöðum rannsókna frá Keldum og kynnir þær fyrir öllum viðbragðsaðilum.

6.4.2. Faraldsfræði

VIÐ-teymið aflar faraldsfræðilegra upplýsinga hjá dýraeiganda, sjálfstætt starfandi dýralækni, RML, afurðastöðvum, fódurfyrirtækjum, sorphirðufyrirtækjum og öðrum eftir því sem við á. Það óskar eftir aðstoð sjálfstætt starfandi dýralæknis og/eða starfsfólks umdæmisskrifstofu til öflunar faraldsfræðilegra upplýsinga ef þörf er á.

VIÐ-teymið vinnur úr faraldsfræðilegum upplýsingum og setur niðurstöður fram á viðeigandi hátt. Ef þörf er á fær teymið aðstoð frá starfsfólki upplýsingatækisviðs.

Upplýsingatækisvið MAST aðstoðar VIÐ-teymið við framsetningu og birtingu niðurstaðna faraldsfræðilegrar rannsóknar, ef teymið óskar eftir því.

6.5. Aðbúnaður fólks

Rekstrarsvið tekur við beiðnum frá þeim sem vinna að málinu og þurfa á þjónustu að halda varðandi pöntun á flugi, gistingu, bílum, vinnuaðstöðu o.s.frv. VIÐ-teymið tryggir að það starfsfólk sem vinnur að málinu fái sálrænan stuðning frá samstarfsfólki (félagastuðningur) og metur hvort þörf sé á faglegri sálfræðiaðstöð til viðbótar, og hefur samband við mannauðsstjóra ef svo er. Mannauðsstjóri hefur umsjón með að útvega lækni- og sálfræðiaðstöð eftir þörfum.

6.6. Aflífun

VIÐ-teymið metur hvort aflífa þurfi dýr og ef svo er þá hvaða aðferðir skulu notaðar, og skipuleggur aðgerðirnar.

VIÐ-teymið sér um að fá fólk til starfa við aflifunina. Ef VIÐ-teymið telur þörf á aðstoð sjálfstætt starfandi dýralækna kallar yfirdýralæknir þá til starfa.

Rekstrarsvið hefur umsjón með gerð samninga við dýralækna og annað aðstoðarfólk.

Dýraeigandi/umráðamaður aðstoðar eða útvegar fólk til að aðstoða við aflifunina ef MAST óskar eftir því.

6.7. Þrif og sóttthreinsun

VIÐ-teymið ákveður og gefur fyrirmæli um hvernig staðið skuli að þrifum og sóttthreinsun.

Dýraeigandi/umráðamaður sér um að þrif og sóttthreinsun sé framkvæmd samkvæmt fyrirmælum MAST.

Héraðsdýralæknir eða eftirlitsdýralæknir hefur eftirlit með framkvæmd þrifa og sóttthreinsunar og tekur þriffin út.

6.8. Förgun aukaafurða dýra og úrgangs

VIÐ-teymið fær til liðs við sig sérgreinadýralækni aukaafurða dýra til að afla upplýsinga um eðli og magn hræja og úrgangs og setja fram tillögu að því hvernig aukaafurðum dýra og úrgangi skuli fargað.

VIÐ-teymið, í samvinnu við sérgreinadýralækni aukaafurða dýra, hefur samráð við Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags um flutning og förgun eftir því sem við á.

VIÐ-teymið, í samvinnu við sérgreinadýralækni aukaafurða dýra, hefur samband við förgunarstað og skipuleggur flutning á úrganginum.

VIÐ-teymið ásamt sérgreinadýralækni aukaafurða dýra, veitir leiðbeiningar um sóttvarnir við flutninginn.

Dýraeigandi/umráðamaður veitir aðstoð eða útvegar aðstoð við að fjarlægja úrgang ef MAST óskar eftir því.

6.9. Upplýsingamiðlun og skjalavistun

VIÐ-teymið stofnar mál í málakerfi MAST með málalykil 4.19 Alvarlegir smitandi dýrasjúkdómar, þar sem öll gögn málsins skulu vistuð. Í málinu er stofnuð logbók þar sem allir starfsmenn MAST sem að málinu koma skrifa sín verk með dagsetningu og tíma. Logbók er sótt sem bréfasniðmát í málakerfi með því að smella á „Nýtt bréf“. Velja Dýraheilsa>Alvarlegir smitandi dýrasjúkdómar>Alvarlegir smitandi dýrasjúkdómar – logbók. Þá kemur upp wordskjal sem ritað er í.

Málsnúmerið skal fylgja öllum skriflegum samskiptum um málið og öll gögn vistuð jafnóðum í málakerfinu.

VIÐ-teymið tryggir að allir sem hlut eiga að málinu, bæði starfsfólk og dýraeigendur, fái reglulega upplýsingar um gang verkliða og niðurstöður rannsókna.

VIÐ-teymið skrifar fréttatilkynningar til birtingar á heimasíðu MAST og stýrir samskiptum við fjölmiðla.

VIÐ-teymið tekur ákvörðun um hver af meðlimum teymisins skuli annast fjölmiðlasamskipti.

6.10. Endurskoðun atburða og skýrsluskrif

VIÐ-teymið boðar helstu þátttakendur og hagsmunaaðila til funda þar sem farið er með skipulegum hætti yfir feril og alla helstu þætti málsins. Að fundunum loknum skrifar VIÐ-teymið lokaskýrslu, sem felur í sér lýsingu á ferli málsins, niðurstöður mats á því og tillögur að úrbótum ef við á. Teymið sendir að lokum öllum hlutaðeigandi skýrsluna og vistar hana í málakerfi MAST.

7. Útgáfa og uppfærslur

1. Upphafleg áætlun var útgefin 19. júní 2020.

2. Fyrsta uppfærsla var útgefin 24. febrúar 2021.

Eftirtaldar breytingar voru gerðar:

- Gildissvið áætlunarinnar var víkkað út þannig að það gildi einnig fyrir aðra alvarlega sjúkdóma, svo sem eitranir, sjá 3. kafla. Viðeigandi breytingar voru gerðar á orðalagi í öðrum köflum.
- Hlutverki yfirdýralæknis var breytt þannig að hann er nú hluti af VIÐ-teyminu
- Nýjum undirkafla var bætt við 6. kafla um endurskoðun atburða og skýrsluskrif, sjá kafla 6.10. Viðeigandi breytingar voru gerðar á orðalagi í öðrum köflum.
- Viðbragðsáætlunin og stuðningsskjöl voru tekin út úr gæðahandbók og gerð aðgengileg á vefsíðu MAST. Í tengslum við þessa breytingu voru viðaukar um stuðningsskjöl tekin út úr viðbragðsáætluninni, þar sem þau eru nú sjálfstæð skjöl á vefsíðunni.
- Kafli um löggjöf hefur verið fluttur í viðauka 1.
- Viðauki II sýnir nú yfirlit yfir verkþætti og hverjir koma að hverjum verkþætti og viðauki III sýnir yfirlit yfir verkþætti hvers viðbragðsaðila.

3. Önnur uppfærsla var útgefin 3. júní 2021.

Eftirtaldar breytingar voru gerðar:

- Breyting var gerð á kafla 6.1.3 í þá veru að nánar er tiltekið að hver sem er af starfsmönnum MAST sem tekur við tilkynningu um grun um alvarlegan dýrasjúkdóm ber skylda til að koma tilkynningunni til fyrirliða VIÐ-teymisins. Viðeigandi breytingar voru gerðar á viðaukum 2 og 3.

4. Þriðja uppfærsla var útgefin 18. júní 2024

Helstu breytingar:

- Vegna breytinga á skipuriti Matvælastofnunar hefur heitum sviða verið breytt í áætluninni og verkefni í nokkrum tilfellum verið flutt til.
- Aðlögun hefur verið gerð að viðbragðsáætlun Keldna þannig að nú er gert ráð fyrir að viðbragðsdýralæknir Keldna sé alltaf boðaður strax á fyrsta fund VIÐ-teymisins. Jafnframt á að bjóða dýralækni viðkomandi bús eða dýrs á þann fund. Þetta er talið auka skilvirkni viðbragða og nýtingu þekkingar og þeirra upplýsinga sem liggja fyrir.
- Í kafla um VIÐ-teymið er nú einnig tilgreint að teymið meti strax í upphafi hversu skjót viðbrögð við tilfallinu þurfi að vera.
- Varðandi söfnun og úrvinnslu á faraldsfræðiupplýsingum hefur því verið bætt við að upplýsingatækisvið MAST aðstoði við framsetningu og birtingu niðurstaðna ef VIÐ-teymið óskar eftir því.
- Í kafla um aðbúnað fólks er nú tekið fram að VIÐ-teymið tryggi að starfsfólk sem vinnur að málinu fái sálrænan stuðning frá samstarfsfólki og meti jafnframt hvort þörf sé á faglegri sálfræðiaðstoð til viðbótar.
- Kafli sem áður hét „Förgun úrgangs“ heitir nú „Förgun aukaafurða dýra og úrgangs“ og tiltekið er í honum að VIÐ-teymið fái sérgreinadýralækni aukaafurða dýra til liðs við sig varðandi þennan þátt þegar við á.

Viðauki 1. Löggjöf

Ákvæði um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er að finna í lögum nr. 25/1993. Nánari ákvæði um viðbrögð við smitsjúkdómum er að finna í reglugerð nr. 665/2001 og um meðferð aukaafurða dýra í reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr. 1069/2009 sem innleidd er með reglugerð nr. 674/2017.

a. Almenn

1. gr. laga nr. 25/1993:

„Tilgangur laganna er:

- a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,
- b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,
- c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar.“

2. gr. reglugerðar nr. 665/2001:

„Tilgangur þessarar reglugerðar er að bregðast við, hindra útbreiðslu og útrýma smitsjúkdómum er kunna að berast til landsins.“

b. Tilkynning um grun um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm

5. gr. laga nr. 25/1993: „Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7.gr., eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það yfirdýralækni. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflífa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar. ...“.

5. gr. reglugerðar nr. 665/2001: „Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi ber án tafar að tilkynna það dýralækni eða lögreglu. Eigendur og umráðamenn dýra bera sérstakar skyldur í þessu tilviki. Dýralæknir eða lögregla skal án tafar tilkynna næsta héraðsdýralækni eða yfirdýralækni um gruninn.“

c. Fyrirskipun ráðstafana til að útrýma eða hindra útbreiðslu sjúkdóms

8. gr. laga nr. 25/1993: „Ráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum Matvælastofnunar fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr., og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:

- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómshreiningar,

- b. sjúkdómsmeðferð,
 - c. ónæmisaðgerðir,
 - d. merkingar og einangrun,
 - e. eftirlit,
 - f. förgun og eyðingu,
 - g. bann við innflutningi eða útflutningi.
2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:
- a. rannsóknir á mögulegu smitefni,
 - b. gerilsneyðingu, sóttþreinsun og dauðþreinsun,
 - c. eyðingu,
 - d. bann við innflutningi eða útflutningi.
3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:
- a. hreinsun og sóttþreinsun,
 - b. eftirlit og einangrun.
4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:
- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
 - b. hreinsun, sóttþreinsun og eyðingu fatnaðar.“

d. Bann við flutningi dýra og aðrar takmarkanir

9. gr. laga nr. 25/1993: „Heimilt er ráðherra að takmarka eða banna dýrahald á afmörkuðum svæðum þar sem ætla má að heilbrigði dýra sé sérstök hættu búin að mati Matvælastofnunar.“

11. gr. laga nr. 25/1993: „Matvælastofnun er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji hann að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra.“

e. Aðgangur að stöðum þar sem dýr eru haldin

22. gr. laga nr. 25/1993: „Matvælastofnun, héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr, eða afurðir þeirra, eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er eftir á grundvelli laga þessara.“

f. Förgun á sóttmenguðum úrgangi

7. gr. reglugerðar EB nr. 1069/2009, 1. liður: „Flokka skal aukaafurðir úr dýrum í tiltekna flokka sem endurspegla áhættustigið fyrir heilbrigði manna og dýra vegna þessara aukaafurða, í samræmi við skrárnar sem mælt er fyrir um í 8., 9. og 10. gr.“

9. gr. reglugerðar EB nr. 1069/2009: „Efni í 2. flokki tekur til eftirfarandi aukaafurða úr dýrum: f) dýra og skrokkhluta dýra, annarra en þeirra sem um getur í 8. eða 10. gr., i. sem deyja á annan hátt en með slátrun eða aflífun til manneldis, þ.m.t. dýr sem eru aflífuð vegna sjúkdómsvarna“

g. Kostnaður vegna starfsfólks umfram venjulegan rekstur

16. gr. laga nr. 25/1993: „Þóknun og ferðakostnaður vegna starfa dýralæknis eða annarra sem takast á hendur verkefni sem leiðir af framkvæmd þessara laga samkvæmt fyrirmælum Matvælastofnunar skal greiddur úr ríkissjóði.“

h. Kostnaður vegna aðgerða

17. gr. laga nr. 25/1993: „Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr., svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sóttgreinsunar, einnig kostnað vegna aflifunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af ráðherra. Eigendum búfjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sóttgreinsun og aflifun dýra.“

i. Bætur til dýraeigenda

20. gr. laga nr. 25/1993: „Eigendur búfjár, sem fargað er samkvæmt fyrir mælum landbúnaðarráðherra að tillögum Matvælastofnunar, eiga rétt á bótum úr ríkissjóði.“

Bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um bætur þegar fyrirskipaður er niðurskurður á kynbótagripum. Sé unnt að nýta afurðir dýra að hluta eða í heild skal verðmæti þeirra afurða koma til frádráttar heildarbótageiðslum. Ekki koma bætur fyrir dýr sem eru óveruleg að verðmæti, nema því aðeins að til þess liggi gildar ástæður.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum nær eingöngu til búfjár.“

Viðauki 2. Yfirlit yfir verkþætti

Tilkynning og fyrstu viðbrögð

Dýraeigandi/umráðamaður	Sjálfstætt starfandi dýralæknir	Starfsmaður MAST sem móttekur tilkynningu um grun	VIÐ-teymi
